



11. febrúar 2009

## Yfirlýsing til fjölmiðla í tilefni af bréfi til forsætisráðherra 10.2.09

Í bréfi til mín 8. febrúar sl. segist forsætisráðherra vilja tryggja svo sem kostur er að sem minnst röskun verði á starfsemi Seðlabanka Íslands við fyrirhugaðar stjórnskipulagsbreytingar. Í svarbréfi, sem ég sendi ráðherra í gærmorgun, greindi ég frá því að ég stefni að því að biðjast lausnar frá og með 1. júní næstkomandi. Með því að gera það, fremur en að víkja tafarlaust, vil ég stuðla að þessu markmiði ráðherrans.

Unnið er á mörgum vígstöðvum að því að endurreisa fjármálakerfi landsins. Það er afar mikilvægt að halda þeirri vinnu áfram og forðast allt sem tefur. Í örstuttu máli skal hér vikið að nokkrum atriðum sem snúa að Seðlabankanum.

### Efnahagsáætlun

Til grundvallar stefnunnar í peningamálum um þessar mundir er efnahagsáætlun ríkisstjórnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Seðlabankinn fylgir henni að sjálfsögðu.

### Vextir

Síðan bankahrunið varð hefur lækkun vaxta legið í loftinu því telja mátti víst að draga myndi stórlega úr eftirspurn í hagkerfinu. Nýjar upplýsingar bera einmitt með sér að það hafi gerst. Hins vegar fól efnahagsáætlun ríkisstjórnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í sér aðra stefnu að sinni – með hliðsjón af því hve mikilvægu hlutverki gengisþróunin gegnir. Eins og fram kom nýlega í riti Seðlabankans, *Peningmálum*, eru líkur á að vextir geti lækkað mikið á árinu.

### Gengi og gjaldeyrir

Mikilvægasta viðfangsefnið nú í peningamálum er að ná því að gengi krónunnar verði sæmilega stöðugt og styrkist nokkuð frá því sem var þegar efnahagsáætlunin var samin. Þetta er raunar það forgangsatriði sem fyrst er talið í áætluninni. Að þessu er unnið í Seðlabankanum, m.a. með hóflegri sölu gjaldeyris á millibankamarkaði. Annað mikilvægt atriði er að létta af þeim hömlum gjaldeyrisviðskipta sem í gildi eru. Stíga þarf varlega til jarðar í þeim efnum.

### Gangsetning bankanna

Við myndun nýrrar ríkisstjórnar kom m.a. fram að nauðsynlegt sé að flýta gangsetningu bankanna svo þeir fái sem fyrst aðgang að Seðlabankanum og geti tekið að veita eðlilega bankaþjónustu. Endurreisn fjármálakerfisins er vitaskuld brýnt úrlausnarefni sem unnið er að á

mörgum stöðum en rétt er að benda á að bankarnir hafa nú þegar aðgang að lausafé í Seðlabankanum.

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri